

GRAS- OG
TORFTEGUNDIR



Svona
gerum
við

8

ÚTHAGAPÖKUR

Lýsing: Úthagapökur eru skornar af sjálfgrónu vallendi og innihalda einungis íslensk grös og blómplöntur. Þær henta alls staðar þar sem áhersla er lögð á náttúrulegan frágang sem ekki kallar á viðhald eftir að þær hafa náð rótfestu. Megin grastegundirnar eru íslenskur Ilmreyr, Túnvingull og Blávingull, Hálíngresi og Týtulíngresi. Íslenskur blómgróður svo sem Blóðberg, Möðrur og Murur fylgir oftast með.



Notkun: Henta t.d. við sumarbústaði og í fólkvöngum sem og hvarvetna þar sem koma þarf umhverfisraski vegna mannvirkjagerðar aftur í upprunalegt horf. Úthagapökur þarf að leggja á sand og þær hafa enga þörf fyrir áburð – þótt auðvitað megi skerpa á þeim með léttri áburðargjöf (um 1g/fm) snemma vors. Úthagapökur henta mun betur á grasþök húsa en venjulegar gras- eða túnþökur vegna þess að grastegundirnar í úthagapökunum eru miklu þurrkþolnari og gera minni kröfur um næringu.

Sláttuþörf: Engin – en ef vill má slá einu sinni seinni part sumars.